

# Innviðaráðuneytið

## Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Sendandi: Innviðaráðuneytið  
Dagsetning: 01.06.2023  
Málsnúmer: IRN22050066  
Bréfalykill: 3.1

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir afstöðu innviðaráðuneytisins til þeirra sjónarmiða sem fram koma í umsögnum sem nefndinni hafa borist vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

### D-liður 1. gr. um framsal verkefna.

Í umsögnum Landhelgisgæslu Íslands og Neyðarlínunnar koma fram andstæðar skoðanir um hvernig rekstri vaktstöðvar siglinga skuli háttað. Í umsögn Neyðarlínunnar ohf. kemur fram sú afstaða að núverandi fyrirkomulag hafi virkað vel þótt fjárveitingar hafi lengst af verið takmarkaðar. Ekki eigi að skipta starfseminni upp í minni einingar. Segir að í umsögninni að upphaflega hafi starfseminni verið dreift á nokkra aðila og þar með ábyrgð á þjónustunni. Hafi skipulagið verið óljóst og ómarkvisst. Þá segir að með breytingunni sem lögð er til þurfi að fara í allsherjarendurskipulagningu á verklagi, breyta umfangsmiklum kerfum vaktstöðvarinnar og afnotum þeirra o.fl. Kalli það á umtalsverðan kostnað. Í umsögn Landhelgisgæslu Íslands er aftur á vísað til fyrri umsagna og lagt til að hlutverk vaktstöðvar siglinga verði formlega fært til Landhelgisgæslunnar.

Með frumvarpi þessu eru hvorki lagðar til meiriháttar breytingar á fyrirkomulagi reksturs Vaktstöðvar siglinga né verið að færa þau í minni einingar. Gert er ráð fyrir að sömu aðilar hafi aðkomu að þessum verkefnum og áður og sinni sömu hlutverkum. Hins vegar er lagt til að breyting verði gerð á stöðu Landhelgisgæslu Íslands þannig að í stað þess að annast verkefni samkvæmt samningi við Neyðarlínuna þá verði það gert með valdframsali frá Vegagerðinni.

Þá er ekki talið rétt að færa ábyrgð á rekstri vaktstöðvar siglinga alfarið til Landhelgisgæslu Íslands. Eins og fram kemur í 2. kafla greinargerðarinnar við frumvarpið er Vegagerðinni, skv. lögum nr. 120/2012, falin ýmis siglingatengd verkefni. Þar á meðal eru rekstur og viðhald vita og sjómerkja sem og leiðsögu-, vöktunar-, upplýsinga- og eftirlitskerfa. Er um lögbundið grunnhlutverk stofnunarinnar að ræða sem á samleið með öðrum verkefnum hennar á sviði samgöngumála. Þá hefur stofnunin mikilvægu hlutverki að gegna samkvæmt hafnalögum, nr. 61/2003. Ef taka á ákvörðun um að færa rekstur vaktstöðvarinnar til Landhelgisgæslu Íslands er rétt að heildstæðari stefnumótun og undirbúningur liggja því að baki. Greina þyrfti samhliða slíkri ákvörðun hvort rétt væri að önnur verkefni Vegagerðarinnar flyttust einnig með. Þá er talið að þörf væri á viðtæku samráði við hagsmunaaðila á sviði siglinga.

Þá skal áréttað að í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem vísað er til í 2. kafla greinargerðarinnar, kemur fram sú skoðun Landhelgisgæslu Íslands að ef stofnuninni væri ekki falin milliliðalaus ábyrgð á vaktstöðinni þá væri eðlilegt að gera tvo samninga, annars vegar við Landhelgisgæsluna um rekstur, faglega stjórnun, mönnun og annað því tengt og hins vegar við Neyðarlínuna um rekstur fjarskiptakerfanna sjálfra. Í frumvarpi þessu er brugðist við þessum ábendingum.

### 2. gr. frumvarpsins um tilkynningaskyldu farþegaskipa.

Landhelgisgæsla Íslands styður í umsögn sinni tillögu 2. gr. frumvarpsins þess efnis að farþegaskipum verði skylt að tilkynna vaktstöð siglinga um áætlaða leið að næstu höfn með tilteknum fyrirvara. Bendir stofnunin þó á að það kunnist vera þörf á því að fá upplýsingar um það þegar farþegar eru settir í land utan hafna. Leggur stofnunin til að bætt verði við málslið þar sem kveðið sé

á um að í reglugerð verði heimilt að mæla fyrir um aðrar tilkynningar, svo sem þegar farþegar eru settir í land milli hafna.

Líkt og fram kemur í greinargerð frumvarpsins, sem hér er til umfjöllunar, er tillagan um að farþegaskipum beri að tilkynna um áætlaða siglingaleið til komin eftir ábendingu Landhelgisgæslu Íslands. Ráðuneytið telur viðbótartillögu um að tilkynna beri um landtöku farþega jákvæða viðbót við ákvæðið. Rétt sé þó að huga að orðalagi ákvæðisins þannig að skýrt sé kveðið á um þessa skyldu í lögum svo að tryggt sé að hún uppfylli kröfur atvinnufrelsisákvæðis 75. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Telji nefndin rétt að gera breytingu á 2. gr. frumvarpsins og kveða á um tilkynningarskyldu vegna landtöku er lagt til að greinin verði svohljóðandi:

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Farþegaskip, 300 brúttótonn að stærð eða stærri, sem sigla milli íslenskra hafna, skulu tilkynna vaktstöð siglinga um áætlaða leið að næstu höfn með tilteknum fyrirvara. Jafnframt skulu þau með tilteknum fyrirvara tilkynna vaktstöðinni þegar þau hyggjast setja farþega í land. Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um tilkynningarskyldu.

#### **4. gr. frumvarpsins um stjórnvaldssektir.**

Í umsögn Ríkisskattstjóra eru athugasemdir gerðar við orðalag 4. gr. frumvarpsins um stjórnvaldssektir og gerð tillaga um breytt orðalag. Ráðuneytið er sammála þeim breytingum sem lagðar eru til.

Í umsögn Landhelgisgæslu Íslands segir að óheppilegt sé að Vegagerðinni sé falin stjórnvaldssektarheimild og að Landhelgisgæslu Íslands sé gert að sækja stoð fyrir töku íþyngjandi stjórnvaldsákvæðana í umboð frá annarri stofnun á grundvelli þjónustusamnings. Rétt er að benda á að í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að stofnuninni verði veitt lagaheimild til að leggja á stjórnvaldssektir þegar henni eru falin tiltekin verkefni. Verða slíkar ákvarðanir því ekki byggðar á þjónustusamningi.